

## **8. stjórnarfundur Fimleikasambands Íslands haldinn þriðjudaginn 8. maí kl 18:00 á skrifstofu FSÍ, Engjateigi 6.**

Mættir: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður, Arnar Ólafsson varaformaður, Friðbjörn Möller, gjaldkeri, Einar Ólafsson, ritari, Jósep Húnfjörð meðstjórnandi, Axel Bragason formaður tækninefndar karla, Davíð Ingason verkefnastjóri í áhaldafimleikum og Helgi Jóhannesson framkvæmdarstjóri FSÍ.

Íris Svavarsdóttir formaður tækninefndar í hóp fimleikum og Sólveig Jónsdóttir verkefnastjóri í hóp fimleikum boða forföll. Halla Karí Hjalted formaður tækninefndar kvenna er fjarverandi.

Formaður setur fundinn.

### Dagskrá

#### **1. Ávinningur FSÍ af erlendu samstarfi, Birna Björnsdóttir fulltrúi FSÍ í FIG, consil kynnr.**

Birna Björnsdóttir hefur starfað fyrir FSÍ í nefndum á vegum UEG og FIG til fjölda ára. Eftir að hafa starfað innan UEG í nefnd um almenna fimleika ákvað hún í samráði við stjórn FSÍ að bjóða sig fram til FIG, consil árið 2008. FIG, consil er næst æðsta stjórnkerfi innan FIG. Hún var kosin af þingfulltrúum á FIG þingi sem haldið var 2008. Birna telur að ávinningur FSÍ sé þríþættur, tenging við áhrifafólk innan hreyfingarinnar, ímynd landsins og möguleika til að fá erlenda viðburði til landsins. Birna lagði fram fjárhagsáætlun um kostnað vegna funda sem nauðsynleg eru til að geta sinnt hlutverki fulltrúa í FIG, consil.

#### Málið rætt

Stjórn FSÍ þakkar Birnu Björnsdóttur fyrir góða kynningu á starfi fulltrúa FSÍ í consil. Ljóst er að Birna Björnsdóttir er tilbúin að starfa áfram fyrir FSÍ í FIG, consil, ef hún hlýtur kosningu á þingi FIG 2012. Stjórn styður framboð Birnu og mun koma þeim skilaboðum til FIG fyrir lokadagsetningu framboða. Jafnframt mun framkvæmdarstjóri FSÍ gera Norðurlandþjóðum grein fyrir framboði Birnu og óska eftir stuðningi við framboð hennar. Fjárhagsáætlun sem lögð var fram var samþykkt og stjórn mun standa á bak við fjármögnum á ferðum fulltrúa FSÍ á fundi FIG, consil, eins og áætlun gerir ráð fyrir.

Stjórn FSÍ leggur til að sérstök fjárhagsnefnd verði stofnuð sem hefur það markmið að afla styrkja til að fjármagna erlent samstarf fulltrúa FSÍ, og óska eftir því við Birnu að hún leiði starf þeirra nefndar.

#### **2. Tillaga um stofnun starfshóps um öflunar styrkja og úthlutun til afreksmanna FSÍ.**

Stjórn FSÍ felur framkvæmdarstjóra að koma á stofn starfshópi sem hefur það hlutverk að fjalla um öflun styrkja til sambandsins vegna afreksstarfs og með hvaða hætti úthlutun og styrkveitingar til afreksmanna verður háttað.

#### Greinargerð.

Eitt mikilvægasta verkefni FSÍ er að standa við bakið á afreksfólki sambandsins. Margir af okkar fremstu íþróttamönnum fjármagna keppnisferðir á vegum sambandsins af eigin fé eða fé forráðamanna sinna. Mikilvægt er að finna leiðir til að auka fjárhagslegan stuðning sambandsins til íþróttamanna og gera þannig sem flestum fært að stunda fimleika á alþjóðavettvangi. Til þess að það gangi upp þarf að fjölga styrktaraðilum FSÍ, skoða alla möguleika sambandsins til að halda kostnaði

við ferðir á vegum sambandsins í lágmarki og ákvarða hvernig þeim fjármunum sem sambandið hefur yfir að ráða verði úthlutað.

Málið rætt

Stjórn FSÍ felur framkvæmdarstjóra að koma á stofn starfshópi sem hefur það hlutverk að fjalla um öflun styrkja til sambandsins vegna afreksstarfs og með hvaða hætti úthlutun og styrkveitingar til afreksmanna verður háttað. Leitað verður til áhugasamra einstaklinga um öflun styrkja. Verkefnið verði unnið í samvinnu við TK,TKV og THF og kallað verði eftir sjónarmiðum afreksmanna og annara sem hagsmuna hafa á fjarmögnum keppnisferða afreksfólks, eins og aðildafélögum FSÍ.

Davíð Ingason vék fundi kl 18:55

### **3. Tillaga um stofnun starfshóps um úrvalshóp í áhaldafimleikum.**

Stjórn FSÍ felur verkefnastjóra í áhaldafimleikum að standa fyrir stofnun starfshóps sem hefur það hlutverk að fjalla um hvernig skuli standa að því að velja í úrvalshóp í áhaldafimleikum á hverju hausti. Aldurskiptingu og fjölda einstaklinga ásamt því að velja verkefni við hæfi hvers hóps.

Greinargerð:

Mikilvægt er fyrir afreksfólk og afreksefni á vita hvaða verkefni bíða þeirra og hvaða markmið þurfi að uppfylla til að vera valin í landslið Íslands í áhaldafimleikum. Á hverju haust á að liggja fyrir hvaða verkefni FSÍ hyggst taka þátt í á komandi keppnistímabili. Með úrvalshópi sem valinn er á hverju hausti er hægt að átta sig fjölda þeirra sem stefna á landsliðsverkefni, og mögulegt að setja stefnuna á verkefni við hæfi hópsins. Mikilvægt er að þeir sem veljast í úrvalshóp séu keppendur og þjálfara sem tilbúnir er að skuldbinda sig æfingum og verkefnum sem bjóðast.

Málið rætt:

Stjórn FSÍ felur verkefnastjóra í áhaldafimleikum að standa fyrir stofnun starfshóps sem hefur það hlutverk að fjalla um hvernig skuli standa að því að velja í úrvalshóp í áhaldafimleikum á hverju hausti. Aldurskiptingu og fjölda einstaklinga ásamt því að velja verkefni við hæfi hvers hóps. Verkefnið verður unnið í samvinnu við stjórn FSÍ, TK og TKV og kallað verður eftir stjórnarmiðum aðildafélaga FSÍ og annara hagsmunaaðila.

### **4. Tillaga um stofnun starfshóps um endurskoðun á móta og keppnisreglum FSÍ**

Stjórn FSÍ felur framkvæmdastjóra FSÍ að koma á stofn starfshópi sem hefur það hlutverk að endurskoða móta og keppnisreglur FSÍ.

Greinargerð.

Á fimleikahæðingum 2012 voru drög að móta og keppnisreglum lagðar fyrir þingið til vinnslu og samþykktar. Ekki náðist að klára verkið, en mjög mikilvægt er að FSÍ hafi skýrar móta og keppnisreglur. Mikilvægt er að klára þessara reglur fyrir næsta keppnistímabil á Íslandi.

Málið rætt:

Stjórn FSÍ felur framkvæmdastjóra FSÍ að koma á stofn starfshópi sem hefur það hlutverk að endurskoða móta og keppnisreglur FSÍ. Verkefnið verður unnið í samvinnu við TK, TKV og THF en jafnframt verður leitað til fyrrverandi tækninefndar sem hóf vinnu við móta og keppnisreglur FSÍ.

## **5. Tillaga um stofnun starfshóps um ásýnd og ímynd keppenda.**

Stjórn FSÍ samþykktir að fela framkvæmdarstjóra að stofn starfshópi sem hefur það hlutverk að fjalla um ásýnd og ímynd keppenda á mótum Fimleikasambandsins.

Greinargerð:

Í reglugerð um ásýnd móta kemur fram að allir á fimleikamótum séu fulltrúar fimleika og koma fram af virðingu, aga og háttsemi. Jafnframt er þess getið að heildarsvipur og ásýnd keppenda skuli einkennast af ánægðum, glæsilegum, virðulegum keppendum, íþróttinni til sóma. Mikilvægt er að skýra þessi gildi og í hverju þau felast, en ekki síður hvaða viðurlög skuli beita ef keppendur virða ekki grunn-gildi íþróttarinnar á mótum FSÍ.

Málið rætt

Stjórn FSÍ samþykktir að fela framkvæmdarstjóra að stofna starfshóp sem hefur það hlutverk að fjalla um ásýnd og ímynd keppenda á mótum Fimleikasambandsins. Framkvæmdarstjóra er falið að leggja fram erindisbréf á næsta fundi stjórnar og óska eftir tilnefningum frá aðildarfélögum FSÍ í starfshópinn.

## **6. Tillaga um stofnun starfshóps um endurskoðun á fararstjórahlutverki FSÍ á erlendum viðburðum/mótum**

Stjórn FSÍ felur framkvæmdarstjóra að koma á stofn starfshópi sem hefur það hlutverk að endurskoða hlutverk fararstjóra FSÍ á erlendum viðburðum/mótum.

Greinargerð:

Í ferðareglum FSÍ er kveðið á um hlutverk fararstjóra fimleikasambandsins. Þar kemur fram að fararstjóri fari með æðsta vald og ábyrgð meðan á ferð stendur og er ábyrgur gagnvart stjórn FSÍ. Hann hefur margvísleg verkefni á sinni könnu sem tilgreind eru á ferðareglum FSÍ. Eitt af þeim er að hann er ábyrgur fyrir upplýsingaflæði um gang mála og úrslit til skrifstofu. Mót eru oftast en ekki haldin um helgi og því má ætla að upplýsingar um mót og úrslit séu úrelt þegar þau komast til skila á heimasíðu FSÍ, ef þau eru sett inn á starfstíma skrifstofu. Mikilvægt er að fylgja hraða og tækni nútímans og skoða hlutverk fararstjóra út frá þeirri þörf sem stöðugt er að aukast og að fá fréttir strax. Jafnframt þarf að skoða hlutverk fararstjóra út frá því sjónarhorni, að fararstjóri haldi utan um hópinn og hjálpi tiln við að vinna að hópefli og stuðningi við liðið í velgengni jafnt sem mótlæti.

Málið rætt

Stjórn FSÍ felur framkvæmdarstjóra að koma á stofn starfshópi sem hefur það hlutverk að endurskoða hlutverk fararstjóra FSÍ á erlendum viðburðum/mótum. Óskað verður eftir tilnefningum í starfshópinn frá starfsnefndunum FSÍ. Framkvæmdarstjóra falið að leggja fram erindisbréf með markmiðum og starfstíma starfshópsins.

## **7. Svar við fyrirspurn frá Axeli Bragasyni frá fundi 24. apríl sl um röksemdir fyrir vali stjórnar á fararstjóra á EM 2012.**

Axel Bragason kom með fyrirspurn um röksemdir fyrir vali stjórnar á fararstjóra á EM 2012 .

Á 6. fundi stjórnar FSÍ dagsett 10. apríl sl. var samþykkt eftirfarandi: samþykkt að óska eftir því við Axel Ólaf Þórhannesson að hann taki að sér fararstjórahlutverkið á EM 2012 . Til vara Axel Bragason, formaður tækninefndar karla.

Þrír fulltrúar á stjórnarfundi viku sæti undir þessum lið, þau Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Axel Bragason og Davíð Ingason.

Ákvörðunin var tekin á löglegum fundi og ekki er ástæða til að rökstyðja þetta val frekar en val á fararstjóra almennt. Ljóst er að mismunandi ástæður fyrir vali á fararstjóra hafa ávalt verið fyrir hendi og stjórn hefur ákvörðunarval í sínum höndum einhliða.

**Stjórn FSÍ óskar Írisi Svavarsdóttur innilega til hamingju með stúlkubarnið sem fæddist þann 28. apríl sl.**

Fundi slitið kl 19:50